

Miðvikudaginn 27. október 1982.
 Nr. 3/1982. **Vinnuveitendasamband Íslands**
f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins
 (Þórarinn V. Þórarinsson cand.jur.)
 gegn
Félagi bókagerðarmanna
 (Arnmundur Backman hdl.)

Kjarasamningar. Deilt um gildi uppsagnar á kaupliðum kjarasamnings. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 27. f.m. og þingfest daginn eftir.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins, en stefndi Félag bókagerðarmanna.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að uppsögn Félags bókagerðarmanna á kaupliðum kjarasamnings þess við Félag íslenska prentiðnaðarins sé andstæð samningum aðila og því ólöglegt og marklaus.
2. Að stefndi verði dæmur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skjölum eru málsatvik þau, að hinn 16. júlí s.l. tókust samningar í kjaradeilu Félags bókagerðarmanna og Félags íslenska prentiðnaðarins. Voru þessir samningar gerðir í kjölfar hina almennu kjarasamninga milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og var um greiðslu verðbóta á laun vísað til ákvæða síðarnefndu samninganna. Í 11. grein kjarasamningsins frá 16. júlí segir svo um gildistíma og uppsagnarfrest: „Samningur þessi gildir frá 1. júlí 1982 til 31. ágúst 1983 og er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins mánaðar fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp framlengist hann um þrjá mánuði í senn með sama uppsagnarfresti.

Kaupgjaldsákvæðum þessa samnings er heimilt að segja upp á samningstímabilinu með eins mánaðar fyrirvara ef:

a) Sett verða lög, sem breyta ákvæðum um greiðslu verðbóta á laun.

b) Launahækkunar í aðal- og sérkjarasamningum opinberra starfsmanna verði meiri en í samningi þessum felast.“

Hinn 21. ágúst s.l. voru gefin út bráðabirgðalög nr. 79/1982, um efnahagsaðgerðir, en í 1. mgr. 1. greinar þeirra segir á þessa leið:

„Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr vixlgangi kaupgjalds og verðlags skal frá 1. desember 1982 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.“

Í 2. mgr. 11. gr. bráðabirgðalaganna var áréttuð sú 2,9 prósentustigaskerðing verðbóta á laun hinn 1. september 1982, sem kveðið var á um í verðbótaákvæðum í heildarsamkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

Á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs stefnda hinn 25. ágúst s.l. var tekin ákvörðun um að segja upp kaupgjaldsliðum kjarasamningsins frá 16. júlí á grundvelli a-liðar 11. gr. hans og var Félagi íslenska prentiðnaðarins send tilkynning um það daginn eftir. Samkvæmt henni skyldi uppsögnin miðast við 1. september með mánaðarfyrirvara þannig, að samningar yrðu lausir frá og með 1. október 1982.

Stefnandi svaraði með bréfi dags. 1. september s.l. og benti stefnda á, að hann teldi hann bundinn friðarskyldu allt fram til 1. desember n.k., þar sem skerðingin samkvæmt 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaganna gæti þá fyrst haft áhrif á samninga FBM og FÍP. Í bréfaskiptum síðan hafa báðir aðiljar áréttað afstöðu sína. Stefnandi telur samningsbundin skilyrði til uppsagnar kaupgjaldsákvæðanna fyrst geta uppfyllst hinn 1. desember n.k., en stefndi telur skilyrðið fram komið með setningu bráðabirgðalaganna. Á sáttafundum með ríkissáttasemjara hinn 22. september s.l. sátu báðir fast við sinn keip. Hóf stefnandi þá málssókn þessa svo sem í upphafi greinir.

Stefnandi visar til 2. töluliðar 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, og til ákvæða 11. gr. kjarasamningsins frá 16. júlí s.l., til stuðnings dómkröfum sínum.

Hann kveður ákvæði það sem hér um ræði, og stefndi byggi uppsögn sína á, a-liður 11. gr., vera gamalt í samningum aðila vinnumarkaðarins. Hafi reynt á það 1978, er velflest verkalýðsfélag

landsins hafi neytt heimildar þessarar til uppsagnar á kaupliðum þágildandi kjarasamninga með vísan til setningar laga um ráðstafanir í efnahagsmálum, nr. 3 frá 17. febrúar 1978, en þau hafi m.a. mælt fyrir um skerðingu verðbóta á laun frá og með 1. mars s.á.

Næstu daga eftir útgáfu nefndra laga hafi VSÍ borist fjölmargar tilkynningar um uppsagnir kaupliða kjarasamninga og hafi þær allar átt það sammerkt, að upphaf hins samningsbundna uppsagnarfrests hafi verið miðað við það, að ákvæði laganna um skerðingu verðbóta væru í raun komin til framkvæmda. Meðal félaganna, er neytt hafi heimildar til uppsagnar kaupliða með þessum hætti, hafi verið tvö af þeim félögum, sem frá ársbyrjun 1981 mynduðu Félag bókagerðarmanna, Bókbindarafélag Íslands og Hið íslenska prentarafélag.

Telur stefnandi, að af framanskráðu sé ljóst, að það hafi verið sameiginlegur skilningur aðila vinnumarkaðarins, að umrædd heimild til uppsagnar kaupliða kjarasamninga á grundvelli íhlutunar löggjafarvaldsins um verðbótagreiðslur á laun, miðist við það, að heimildin verði fyrst virk, er ákvæði laga séu komin til framkvæmda og í raun farin að hafa áhrif á launagreiðslur samkvæmt kjarasamningum. Hafi vinnuveitendur talið sig mega treysta því, að skilningur aðila á nefndu samningsákvæði, svo sem hann hafi birst í verki væri óbreyttur. Hafi og ekkert það komið fram við samningsgerð á undanförunum árum, er gefi tilefni til annars. Margnefnt ákvæði sé komið inn í kjarasamninga að kröfu ASÍ til að leysa af hólmi eldri uppsagnarheimildir, er vörðuðu gengisbreytingar krónunnar eða hækkun framfærsluvísitölu. Hafi aldrei verið ætlun aðila að löghelga uppsögn kaupliða, fyrr en breyting á verðbótum samkvæmt lögum settum á samningstímanum væri orðin staðreynd. Þessi skilningur sé sá eini sem samrýmist eðli máls og ætlun aðila, er heimildin hafi fyrst komið inn í samninga, fordæmunum frá 1978 og hinu sögulega samhengi margnefnds ákvæðis og þeirra sem það hafi komið í staðinn fyrir.

Stefnandi bendir á, að væri skilningur stefnda sá rétti blasi það við, að tilefni uppsagnar gæti augljóslega orðið að engu á svo löngum tíma, sem hér um ræðir, þar sem löggjafinn gæti auðveldlega endurskoðað afstöðu sína til þeirra breytinga, er áður voru lögfestar. Gildi þetta enn frekar um efni bráðabirgðalaga, sem beri að leggja fyrir

Alþingi samkvæmt stjórnskipunarlögum og það síðan að taka afstöðu til.

Stefndi kveður málsókn stefnanda grundvallaða á því að reyna að sýna fram á, að uppsagnarákvæðið sem hér um ræði, a-liður 11. gr. kjarasamningsins frá 16. júlí, þýði eitthvað annað, en orðin berlega hljóði um og að fastmótuð venja í samskiptum aðila vinnumarkaðarins í þessu efni styðji þennan skilning. Þá byggji hann ennfremur á því, að bráðabirgðalög séu ótraust lagasetning, þótt að vísu sé dregið í land með þetta í málflutningi og því lýst yfir af hans hálfu, að ekki séu bornar neinar brígður á stjórnskipulegt gildi bráðabirgðalaganna frá 21. ágúst s.l.

Um þetta sé það að segja, að sönnunarbyrðin hvíli alfarið á stefnanda samkvæmt almennum lagareglum um sönnun. Staðhæfing í þessa átt fái stuðning í fjölmörgum dómum Félagsdóms og í ýmsum norrænum fræðiritum um vinnurétt, þar sem fjallað sé um túlkun samninga. Sönnun þess, að umrætt ákvæði þýði annað en í því standi skrifað, hafi stefnanda eigi tekist, enda sé það bæði skýrt og skilmerkilega orðað.

Því sé mótmælt, að ákvæði þetta sé gamalt í samningum aðila vinnumarkaðarins og að síðast hafi reynt á það 1978. Það sé mála sannast, að þetta hafi komið nýtt inn í kjarasamninga sumarið 1977 og á það hafi aðeins reynt einu sinni þ.e. 1978. Það eitt sér hljóti að hrekja staðhæfingu stefnanda um fastmótaða venju. Framkvæmd einhvers í eitt skipti geti með engu móti skapað venju.

Lög nr. 3/1978, um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hafi orðið tilefni uppsagna kaupgjaldsliða í samningum flestra verkalýðsfélaga árið 1978, hafi verið útgefin föstudaginn 17. febrúar 1978. Hin ýmsu verkalýðsfélög hafi strax boðað til félagsfunda og svo fljótt sem verða mátti samkvæmt reglum um fundarboðun. Uppsagnarbréfin hafi verið send án tafar að loknum fundum og komið í hendur viðsemjenda. Það hafi þurft að hafa hraðar hendur á svo unnt yrði að koma uppsagnarbréfunum til skila fyrir mánaðamótin. Megi að vísu færa að því vissar líkur, að með almesta hugsanlega hraða hefði verið mögulegt að koma sumum í hendur réttis viðtakanda tveimur eða þremur dögum fyrir mánaðamót. Það að uppsagnarfrestur í bréfum þessum hafi verið miðaður við 1. mars 1978 hafi alls ekki staðið í sambandi við það, að skerðing eftir lögunum byrjaði þá, heldur hafi hér verið

um það að ræða að fylgja hinni gömlu reglu að miða uppsögn við mánaðamót. Það liggi því fyrir, stutt fram lögðum gögnum, að staðhæfingar stefnanda um ákveðinn og sameiginlegan skilning aðila vinnumarkaðarins á margnefndu ákvæði og myndun venju um hann, séu alrangar.

Þeim málsrökum stefnanda, að bráðabirgðalögin frá 21. ágúst séu ótryggari en önnur lög vísar stefndi á bug sem röngum. Bollaleggingar um það séu þessu máli óviðkomandi og til þess eins að tefja málið. Það sé óhrekjanleg staðreynd, að með setningu þeirra hafi skilyrðið til að beita uppsagnarákvæðinu í a-lið 11. gr. kjarasamningsins frá 16. júlí í sumar komið fram og því sé uppsögn Félags bókagerðarmanna í bréfi 26. ágúst s.l. lögmæt og gild og samningar lausir frá 1. október s.l. Því beri að taka sýknukröfuna til greina.

Álit dómsins og niðurstaða.

Aðilar eru á einu máli um það, að bráðabirgðalögin frá 21. ágúst s.l. séu í einu og öllu stjórnskipulega gild og að efni 1. mgr. 1. gr. þeirra geri uppsagnarákvæðið í a-lið 11. gr. kjarasamnings frá 16. júlí virkt, en greinir á um frá hvaða tíma.

Við skýringu þessa samningsákvæðis verður að leggja til grundvallar orðalag þess, samhengi eða samband við eldri samningsákvæði, sem ágreiningslaust er, að það hefur leyst af hólmi svo og annað það sem upplýst er um tilefni, tilurð og hugmyndir aðilanna, er það var tekið upp.

Eigi verður fallist á það með stefnanda, að uppsagnir fjölmargra verkalýðsfélaga í febrúar 1978 staðfesti það, sem hann heldur fram, að sé sameiginlegur skilningur aðila vinnumarkaðarins á þýðingu uppsagnarákvæðisins, sem hér um ræðir, og að hann sé venjuhelgaður.

Með þetta í huga og annað það, sem hér telst skipta máli, þykir rétt að skýra umrætt uppsagnarákvæði svo, að þungamiðja þess og áhersla sé, að breyting sé orðin á verðbótageiðslum á laun til hækkunar eða lækkunar fyrir tilverknað löggjafarvaldsins frá því sem kjarasamningar kváðu á um.

Samkvæmt því, sem nú er sagt verður merking hins umrædda samningsákvæðis túlkuð á þá leið, að hvor samningsaðila um sig hafi mátt segja upp kaupliðum kjarasamningsins hvenær sem var frá setningu bráðabirgðalaganna með minnst mánaðarfyrirvara þannig,

að samningar yrðu lausir að þessu leyti í fyrsta lagi frá og með 1. desember 1982.

Leiðir þessi skýring til þeirrar niðurstöðu að dæma ber uppsögn kaupliða framangreinds kjarasamnings frá 16. júlí í bréfi dags. 26. ágúst s.l. ólögmæta og því ógilda.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni, Halldóri Þorbjörnssyni, Birni Helgasyni og Árna Guðjónssyni.

D ó m s o r ð :

Uppsögn stefnda, Félags bókagerðarmanna, á kaupgjalds-
ákvæðum kjarasamninga félagsins og Félags íslenska prent-
iðnaðarins frá 16. júlí 1982, er ógild.

Málskostnaður falli niður.

S é r a t k v æ ð i Skarphéðins Þórissonar.

Ég er sammála niðurstöðu meirihluta dómenda, en á breyttum forsendum.

Einungis er gerð krafa um að uppsögn stefnda frá 26. ágúst s.l., með gildistöku frá 1. október s.l. verði dæmd ólögmæt. Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessu.

Ég tel að Félagsdómi beri aðeins að taka afstöðu til þessara dagsetninga í máli þessu. Hugleiðingar meirihluta dómenda um að kaupliðir aðila geti orðið lausir frá og með 1. des. n.k., tel ég að séu fyrir utan sakarefni þetta, enda er úrlausnar á því atriði ekki krafist í dómkröfum aðila.

Ég tel uppsögn stefnda frá 26. ágúst s.l. með gildistöku frá 1. október s.l. ólögmæta. Engin skerðing hefur þá komið fram á verðbótaákvæðum kjarasamninga aðila og tveir mánuðir voru þá í upphafsdagsetningu skerðingarákvæða bráðabirgðalaganna nr. 79/1982 frá 21. ágúst s.l. Á þessum forsendum tel ég að dæma beri uppsögn stefnda ólögmæta.